

Nr. 47/1908:

Guðmundur Pétursson
gegn
Marinó Hafstein.

D ó m u r:

Með því að dómsgjörðir undirréttarins in forma í máli þessu hafa eigi verið lagðar fram fyrir yfirdóminn, eins og boðið er í N. L. 1—6—10, sbr. 1—5—13, ber að vísa málinu frá yfirdóminum og skylda áfryjanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 10 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfryjandinn Guðmundur Pétursson greiði stefnda Marinó Hafstein 10 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. maí.

Nr. 53/1908:

Ólafur Thorlacius
gegn
sýslumanni Suður-Múlasýslu
Axel V. Tulinius
fyrir hönd hins opinbera.

D ó m u r:

Í janúarmán. 1906 rak á fjöru Búlandsness, ábýlis

áfrýjanda, Ólafs héraðslæknis Thorlacius, tré 15 álna langt og 12 þuml. á kant, og merkt í báða enda J. B. & Co. Læknirinn tók sjálfur til tvo menn til að skoða og virða tréð og virtu þeir það á 20 kr., og í febr. s. á. tilkynti hann sýslumanni, hinum stefnda, um rekann, og spurðist fyrir um, hvort sér væri eigi frjálst að hagnýta tréð sem sína eign. Sýslumaður svaraði ekki bréfi þessu, en auglýsti vogrekið í blaði því, er löggilt var til að birta í opinberar auglýsingar, og er enginn eigandi gaf sig fram eftir auglýsingu þessari innan tiltekins frests, skipaði hann hreppstjóra að selja tréð á uppboði og gjörði hreppstjóri það 13. júlí 1907. Áfrýjandinn var þá ekki heima og vissi ekki um uppboðið, en tréð var þó keypt fyrir hans hönd á uppboðinu af vinnumanni hans fyrir 9 krónur. Þegar gjalddagi uppboðsskuldarinnar kom, neitaði áfrýjandi að greiða hana, og skipaði þá sýslumaður hreppstjóra með bréfi dags. 6. nóv. 1907, að innheimta uppboðsskuldina hjá áfrýjanda með lögtaki á sína ábyrgð. Þessi lögtaksskipun var birt áfrýjanda 13. des. s. á., og sama dag framkvæmdi hreppstjóri lögtakið, þannig að uppskrifaðir voru, eftir tilvísun áfrýjanda, og lögteknir upp í kröfuna ásamt kostnaði, ýmsir lausafjarmunir honum tilheyrandi, er virtir voru alls 24 kr. 25 a. Rekvisitus mótmælti þó lögtakinu fyrir þá sök, að rekatréð, sem uppboðsskuldin stafaði frá, hefði verið sin lögmat eign áður en uppboðið 13. júlí 1907 fór fram, þar sem enginn hefði leitt sig eiganda að því eftir auglýsingunni, en það hefði eigi reynzt 30 kr. virði, hvorki samkvæmt virðingu þeirri, er hann sjálfur lét gjöra á því, né samkvæmt söluverðinu á uppboðinu, en lögskipaða virðingu eidsvarinna manna á vogreki þessu samkvæmt 0. br. 2.

apríl 1853 hafi sýslumaður aldrei látið fram fara. krafðist rekvisitus úrskurðat fúgetans um mótmæli þessi, og var sá úrskurður kveðinn upp 20. janúar f. á. í fúgetarétti Suður-Múlasýslu, og var ákveðið með honum að lögtakið skyldi staðfest vera og hinir lögteknun munir seldir við opinbert uppboð, ef áfrýjandi eigi greiddi áður uppboðsskuldina ásamt kostnaði.

Áfrýjandinn hefir nú með stefnu dags. 7. nóvbr. f. á., að fengnu uppreistarleyfi útgefnu 4. ágúst f. á., áfrýjað til yfirdómsins uppboðinu 13. júlí 1907 og lögtaksgjörðinni 13. desember s. á. ásamt staðfestingarúrskurði fúgetans 20. janúar f. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi, að gjörðir þessar allar verði úr gildi feldar, að fúgeti Suður-Múlasýslu, hinn stefndi sýslumaður Axel V. Tulinius, verði fyrir hönd hins opinbera dæmdur til að greiða áfrýjanda verð umþrættis rekabúts, ásamt uppboðs og lögtakskostnaði, samtals 20 kr., er áfrýjandi hefir orðið að greiða til að komast hjá sölu hinna lögteknununa, 100 kr. fyrir vansa og óþægindi, gjaldið fyrir uppreistarleyfið, er áfrýjandi varð að kaupa í máli þessu, 18 kr. 66 a., þetta alt með 6% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, svo og til þess að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Hinn stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn né látið koma þar fyrir sína hönd, og hefir honum þó verið löglega stefnt, og verður því að dæma málið eftir skjölum þeim og skilríkjum, sem áfrýjandinn hefir lagt fram, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., og N. L. 1—4—32.

Það er enginn vafi á því, að tré það, er um er rætt í máli þessu, verður að teljast til vogreka þeirra, er átt er við í 2. og 3. gr. op. bréfs 4. maí 1778, op. br. 2.

apríl 1853 og konungsbr. 26. ág. 1809, sbr. lög um skipströnd 14. janúar 1876, 22. gr., og þar sem eigandi eigi gaf sig fram innan lögskipaðs tíma eftir lýsingu sýslumanns á vogrekinu, þá var tréð orðið lögleg eign áfryjanda, er uppboðið 13. júlí 1907 fór fram, en áfryjandi kemur í þessu tilliti í stað jarðeiganda, eftir því sem upplýst er í málinu, sbr. og lög 12. janúar 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. og 14. gr. Það gat því ekki verið skylda áfryjanda, sízt eins og uppboðið fór fram, í fjarveru hans og honum óafvitandi, að borga andvirði sinnar eigin eignar. Það verður þegar af þessum ástæðum að dæma lögtakið og staðfestingarúrskurð fógætans 20. janúar f. á. ólögmaett og fella það úr gildi, en uppboðsgjörðina 13. júlí 1907 þykir óþarft að ómerkja. Hinn stefndi sýslumaður, fyrir hönd hins opinbera, verður samkvæmt þessum úrslitum málsins að endurgreiða áfryjandanum andvirði vogreksins ásamt uppboðs og lögtakskostnaði, eða umkrafðar 20 kr., en frekari halla af lögtakinu er ekki upplýst að hann hafi beðið, svo og kostnað við áfryjun málsins til yfirdómsins, er þykir hæfilega metinn 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Lögtakið 13. desbr. 1907 ásamt eftirfylgjandi fógetaúrskurði 20. janúar 1908 skal ómerkt vera.

Hinn stefndi sýslumaður Axel V. Tulinius fyrir hönd hins opinbera skal greiða áfryjandanum, héraðslækni

Ólafi Thorlacius, 20 kr. í skaðabætur og í áfrýjunarkostnað 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 24. maí.

Nr. 18/1909:

P. M. Bjarnason & Co.

gegn

skiftaráðandanum í Reykjavík f. h.

Þrotabús Önnu Kr. Bjarnadóttur,

Jóni Bjarna Péturssyni og

Önnu Kr. Bjarnadóttur.

Ú r s k u r ð u r :

Mál þetta var tekið fyrir í yfirréttinum 17. þ. m. samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 1. f. m. Lagði þá umboðsmaður áfrýjanda málflutningsmaður Magnús Sigurðsson fram áfrýjunarstefnu og nokkur önnur skjöl málinu viðvíkjandi, þar á meðal leyfisbréf, útgefið 6. f. m., til að leiða ný vitni í málinu og leggja fram í því ný skjöl og skilríki, en það um frest í 8 vikur til málsútlistunar og vitnaleiðslu. Umboðsmaður hins stefnda, Oddur málaflutningsmaður Gislason, tjáði sig fúsan til að samþykkja þriggja vikna frest, eða frest til næsta réttardags eftir hvítasunnu, en mótmælti öllum frekari fresti. Þenna ágreining lögðu báðir málsaðilar undir úrskurð réttarins.